

Sp.

717. Nefndarálit

[87. mál]

um till. til þál. um raforkuframkvæmdir á Vestfjörðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft þetta mál til athugunar og leggur til, að tillagan verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara, svo fljótt sem verða má, rannsókn á því, hvernig þeim byggðarlögum á Vestfjörðum og í Norðurlandskjördæmi eystra, sem samveitur ná ekki til sakir strjálbýlis, verði tryggð afnot raforku. Skal í því sambandi athugað sérstaklega, hvernig sér-virkjunum verði við komið í þágu einstakra byggðarlaga og býla.

2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar um raforkuframkvæmdir á Vestfjörðum og í Norðurlandskjördæmi eystra.

Ragnar Arnalds var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 1966.

Unnar Stefánsson,
form.

Matthías Bjarnason,
fundaskr., frsm.

Pétur Sigurðsson.

Kristján Thorlacius.

Axel Jónsson.

H. E. Þórarinnsson.